


## Að þekkja uppruna sinn

### Leiðbeiningar um leit í manntölum

- Íslendingabók; <https://islandingabok.is/>
- Landmælingar Íslands: <https://lmi.is/>
  - Kortasjá; <https://kortasja.lmi.is/mapview/?application=kortasja>
  - Örnefnasjá; <https://atlas.lmi.is/mapview/?application=ORN>

#### **Manntöl;** <https://skjalasafn.is/>

- Sóknarmannatöl; <https://skjalasafn.is/>
- Prestþjónustubækur; <https://skjalasafn.is/>

Bendill  á myndum vísar til aðgerða eða gagna sem þarf að vinna með.

Á manntalsvef Þjóðskjalasafns Íslands ([skjalasafn.is](https://skjalasafn.is)) er hægt að leita upplýsinga í fjórtán manntölum frá árunum 1703, 1816, 1835, 1840, 1845, 1850, 1855, 1860, 1870, 1880, 1890, 1901, 1910 og 1920. Í manntölum koma fram upplýsingar um heimili, kirkjusókn, aldur, stöðu í samfélaginu (húsbóndi, á sveit, hjú o.fl.), hjúskaparstöðu (giftur, ógiftur, ekkja, ekkill), fæðingarstað og fleira. Manntölin eru á stafrænu formi.

Svona lítur heimasíða Þjóðskjalasafns Íslands út. Þessar leiðbeiningar varða flokkinn: **Heimildir**. Efst í þeim flokki stendur **Manntalsvefur**.



Efst í flokknum „Heimildir“ stendur Manntalsvefur<sup>1</sup>. **Smelltu á orðið Manntalsvefur.** Í manntölum kemur fram heimili, sókn, aldur, staða í samfélaginu (húsbóndi, á sveit, hjú o.fl.), hjúskaparstaða (giftur, ógiftur, ekkja, ekkill), fæðingarstaður, tilvísun í heimildir og fleira.



Þessi mynd birtist. Nokkur fróðleikur er þarna um manntölin. Neðst í textanum stendur: Skoðuðu manntalsvefinn. Þú **smellir á orðið manntalsvefinn.**


<sup>1</sup> Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands, Reykjavík. <https://skjalasafn.is/manntalsvefur>, 8. Janúar 2021.

Þessi mynd birtist á skjánum. **Smelltu á línuna þar sem stendur: Veldu manntöl.** Þá opnast gluggi með öllum ártölum manntala (sjá mynd hér fyrir neðan).

**Manntöl**

Veldu manntöl: 

**Fjöldi niðurstaðna á síðu**







10 

**Leita**

Nafn - bær/hús - staða - sókn - sýsla 

Þessi gluggi opnast og sýnir öll manntöl sem völ er á. Þú velur ártal með því að setja **bendilinn á viðkomandi ártal og smellir einu sinni**. Athugaðu hvort ártalið þitt hafi ekki örugglega birst í glugganum efst. **Færðu nú músina út fyrir rammann og vinstri smelltu.** Þá lokast glugginn.

Herdís fæddist 28.des. 1885. Í Íslendingabók stendur að hún hafi flutt til Kanada árið 1901. Í þessu dæmi getur hún í mesta lagi verið skráð í manntöl árin 1890 og 1901.

<p><b>Manntöl</b></p> <p>Veldu manntöl: </p> <p><input checked="" type="checkbox"/> Leita í öllum manntölum <input checked="" type="checkbox"/> Hreinsa öll valin manntöl</p> <p>Manntalið: 1703 Manntalið: 1816 Manntalið: 1835 Manntalið: 1840 Manntalið: 1845 Manntalið: 1850 Manntalið: 1855 Manntalið: 1860 Manntalið: 1870 Manntalið: 1880 Manntalið: 1890  Manntalið: 1901  Manntalið: 1910 Manntalið: 1920</p>	<p><b>Manntöl</b></p> <p>1890, 1901 </p> <p><input checked="" type="checkbox"/> Leita í öllum manntölum <input checked="" type="checkbox"/> Hreinsa öll valin manntöl</p> <p>Manntalið: 1703 Manntalið: 1816 Manntalið: 1835 Manntalið: 1840 Manntalið: 1845 Manntalið: 1850 Manntalið: 1855 Manntalið: 1860 Manntalið: 1870 Manntalið: 1880 Manntalið: 1890  Manntalið: 1901  Manntalið: 1910 Manntalið: 1920</p>
---	---

Nú er ártalið komið á skjáinn. Eins og sést á mynd þá er hægt að velja fleiri en eitt ártal í einu. Næst þarf að afmarka leitina. Neðri leitarstrengurinn býður upp á að setja inn mannanöfn, heiti á bæ eða húsi, stöðu, kirkjusókn og sýslu. Þitt er valið. Ég set inn nafnið Herdís Eggertsdóttir og **smelli á takkann Leita**.

**Manntöl**

1890, 1901

**Fjöldi niðurstaðna á síðu**

10

**Leita**

Nafn - bær/hús - staða - sókn - sýsla

Leita

Ítarleg Leit

Leita eftir öllum orðmyndum

**Manntöl**

1890, 1901

**Fjöldi niðurstaðna á síðu**

10

**Leita**

Herdís Eggertsdóttir

Ítarleg Leit

Leita eftir öllum orðmyndum

Manntalið 1890 sýnir nafnalista yfir konur með sama nafni. Íslendingabók segir að Herdís hafi fæðst á Þóroddstöðum við Hrutafjörð í Húnavatnssýslu. Hér er hún skráð í Hrutatungu í Staðarsókn í Húnavatnssýslu. **Smella á nafnið hennar.**

📖 1890 245 niðurstöður

📄 Texti manntalsins er stafréttur eftir vérlituðu afriti.

🔍 Leita ítarlega í manntalinu 1890

Nafn	Stétt/staða	Bær/hús	Kyn	Hjúskapur	Aldur	Sókn	Sýsla
<a href="#">Herdís Eggertsdóttir</a>	á sveit	Hrutatunga	Kona	Ó	5	Staðarsókn [B]	Húnavatnssýsla
Herdís Jónsdóttir	niðursetningur	Brattagerði <i>hjáleiga</i>	Kona	Ó	12	Bjarnarnessókn	Austur-Skaptafellssýsla
Herdís Þorvaldsdóttir	kona hans, vinnukona	Stapi <i>hjáleiga</i>	Kona	G	49	Bjarnarnessókn	Austur-Skaptafellssýsla
Herdís Jónsdóttir	móðir konunnar	Holtar	Kona	E	68	Einholtssókn	Austur-Skaptafellssýsla
Herdís Hálfðánsdóttir	vinnukona	Borg	Kona	Ó	43	Einholtssókn	Austur-Skaptafellssýsla
Herdís Bergsdóttir	kona hans	Smyrlabjörg	Kona	G	83	Kálfafellsstaðarsókn	Austur-Skaptafellssýsla
Herdís Jónsdóttir	sveitarómagi	Kálfafell	Kona	Ó	9	Kálfafellsstaðarsókn	Austur-Skaptafellssýsla
Herdís Magnúsdóttir	tökubarn	Rauðsbakki	Kona	Ó	12	Eyvindarhólasókn	Rangárvallasýsla
Herdís Pálsdóttir	kona hans	Vetleifsholt	Kona	G	51	Oddasókn	Rangárvallasýsla
Herdís Magnúsdóttir	vinnukona	Nýborg	Kona	Ó	49	Vestmannaeyjasókn	Vestmanneyjasýsla

Fyrst þarf athuga hvort um rétta manneskju sé að ræða. Íslendingabók gaf upp árið 1885 sem fæðingarár Herdísar. Í þessu manntali 1890 er Herdís sögð 5 ára, þetta reynist því vera okkar kona. **Á tveimur stöðum er letrið rauðlitað.** Ef smellt er á nafn persónu kemur upp skrá yfir allar Herdísar. Ef smellt er á bæjarnafnið Hrutatunga, má sjá alla sem áttu heima þar.

🔍 Leita ítarlega í manntalinu 1890

Nafn	Stétt/staða	Bær/hús	Kyn	Hjúskapur	Aldur	Sókn	Sýsla
<a href="#">Herdís Eggertsdóttir</a>	á sveit	<a href="#">Hrutatunga</a>	Kona	Ó	5	Staðarsókn [B]	Húnavatnssýsla

Manntalið: 1890 - Upplýsingar um einstakling



Herdís Eggertsdóttir

Auðkenni: 786

**Bær/hús**  
Hrutatunga, Staðarsókn [B], Húnavatnssýsla

**Heimilisnúmer\***

**Blaðsíða**

4

**Stétt/staða**  
á sveit

**Kyn**  
Kona

**Aldur**  
5

**Hjúskaparstaða\*\***  
Ó

**Fæðingarstaður**  
hér í sókn

**Fötlu**

**Tegund skýrslu\*\*\***  
Aðalskýrsla

**Athugasemdir**

**Heimild**  
Sjá skjalaskrá

Orðskýringar:

Íslensk orðabók bls. 1005: <sup>2</sup>

- fara á sveitina – komast á opinbert framfæri
- þiggja af sveit – lifa á sveitarstyrk
- sveitarómagi - sveitarlimur
- sveitarbarn – barn alið upp á kostnað sveitarfélags.

Samheitaorðabók bls. 615-616<sup>3</sup>


- lenda á sveitinni - komast á vonarvöl,
- sveitarstyrkur - fátækrastyrkur,
- sveitarlimur, sveitarómagi, hreppsómagi, þurfalingur,

Íslenskt orðanet, sjá slóð <https://ordanet.arnastofnun.is><sup>4</sup>


Mynd 1: Lenda á sveit



Mynd 2: Ómagi



Mynd 3: Þurfalingur



Í manntali 1890 er sagt að Herdís sé til heimilis í Hróatungu. **Bæjarnafnið er rauðlitað og því hægt að smella á það og sjá hverjir áttu heima þar. Smelltu á bæjarnafnið.**

Leita ítarlega í manntalinu 1890

Nafn	Stétt/staða	Bær/hús	Kyn	Hjúskapur	Aldur	Sókn	Sýsla
Herdís Eggertsdóttir	á sveit	Hróatungu	Kona	Ó	5	Staðarsókn [B]	Húnavatnssýsla

<sup>2</sup> Íslensk orðabók. (1992). Árni Böðvarsson ritstjóri. 2. útg. Reykjavík, Mál og menning. Bls. 1005.

<sup>3</sup> Íslensk samheitaorðabók, aukin og endurbætt. Svavar Sigmundsson ritstjóri. Reykjavík, Forlagið.

<sup>4</sup> Íslenskt orðanet. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Sótt af <https://ordanet.arnastofnun.is>

Herdís er skráð til heimilis í Hrutatungu. Hvorki faðir Herdísar né bræður hennar áttu heima á þessum bæ. Móðir hennar dó 1886.

Nafn	Kyn	Hjúskapur	Aldur	Stétt/staða
Þorsteinn Jónsson	Karl	G	60	húsbóndi, bóndi
Ólög Guðmundsdóttir	Kona	G	61	kona hans
Guðmundur Þorsteinsson	Karl	Ó	29	sonur þeirra
Þorsteinn Þorsteinsson	Karl	Ó	26	sonur þeirra
Jónas Ólafur Þorsteinsson	Karl	Ó	17	sonur þeirra
Ingibjörg Gunnlaug Bjarnadóttir	Kona	Ó	25	vinnukona
Sigurður Valdimarsson	Karl	G	10	léttadrengur
Ingibjörg Jónsdóttir	Kona	E	70	á sveit
<b>Herdís Eggertsdóttir</b>	<b>Kona</b>	<b>Ó</b>	<b>5</b>	<b>á sveit</b>
Guðrún Jónsdóttir	Kona	E	61	hjá bróður sínum
Samson Gunnlaugsson	Karl	Ó	29	búfræðingur
Stefán Daníelsson	Karl	Ó	19	vinnumaður